

**Nd.**

**376. Nefndarálit**

um frumvarp til hafnarlaga fyrir Siglufjarðarkauptún.

Frá Sjávarútvegsnefndinni.

Nefndin sjer sjer ekki fært að leggja það til, að landssjóður veiti alt að 37500 kr. til hafnargerðar í Siglufjarðarkauptúni, jafnvel þótt sú fjárhæð eigi ekki að greiðast fyr en 1917.

Enginn veit, hver áhrif Norðurálfuófriðurinn hefir á fjárhag landsins og það er óviðkunnanlegt, að baka landinu allmikil fjárútlát á ókomnum tíma, sem enginn veit nema orðið geti landinu erfiður fjárhagslega. Gæti þá og auðveldlega svo farið, að landið gæti eigi int þessa fjárhæð af höndum, og gæti það komið sjer illa fyrir fyrirtækið, sem þá væri, ef til vill, byrjað á.

Þótt nefndin sje á þeirri skoðun, að æskilegt væri að þetta fyrirtæki kæm-ist á, þá verður hún þó að álíta, að landssjóði stæði aðrar hafnargerðir nær, sem auka mundi framleiðslu landsmanna að stórum mun og gera fiskiveiðar vorar hættuminni. En þar sem þingið, að þessu sinni, eigi hefir sjeð sjer fært að verða við slíkum kröfum, þá er naumast að vænta, að það leggi talsverða fjárhæð til þessa fyrirtækis, sem þótt gott sje, eigi eykur framleiðslu að neinum

mun og allra síst dregur neitt úr hættu. Nefndin getur eigi fallist á, að hægt sje að bera þetta fyrirtæki saman við hafnargerðina í Vestmannaeyjum. Þar er hafnargerð bein lífsnauðsyn, eigi að eins sökum aukinnar framleiðslu heldur og einkum sökum öryggis þess, er hún veitir fiskimönnum á öllum tímum árs.

En þótt nefndin geti eigi fallist á, að veita ákveðinn styrk úr landssjóði til hafnargerðar á Siglufirði, þá vill hún þó styðja fyrirtækið með því að leggja það til, að ráðherra Íslands veitist heimild til að ábyrgjast, fyrir hönd landssjóðs, alt að 150000 kr. lán, er hreppsnefnd Hvanneyrarhrepps kynni að fá til hafnargerðar.

Nefndin leggur því til, að háttv. neðri deild samþykki frumvarpið með eftirfarandi

#### BREYTINGUM:

1. Fyrsta grein frumvarpsins falli burt.
2. Önnur grein verði 1. gr. o. s. frv.
3. Í stað »112500 — eitt hundrað og tólf þúsund og fimm hundruð« — í 2. grein frumvarpsins, komi:  
150000 — eitt hundrað og fimmtíu þúsund. —

Neðri deild Alþingis, 17. ágúst 1915.

G. Eggerz,            Matth. Ólafsson,            M. J. Kristjánsson.  
form.                            skrifari.

Sigurður Gunnarsson.            Stefán Stefánsson, Eyf.,  
með fyrirvara.

Þórarinn Benediktsson.            Skúli Thoroddsen.